

Leiðrétting á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/54/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarksöryggiskröfur fyrir jarðgöng í samevrópska vegakerfinu

(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 167 frá 30. apríl 2004)

Tilskipun 2004/54/EB verði svohljóðandi:

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/54/EB

frá 29. apríl 2004

um lágmarksöryggiskröfur fyrir jarðgöng í samevrópska vegakerfinu

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum l. mgr. 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í hvítbók sinni frá 12. september 2001, „Stefna Evrópu í flutningamálum fram til 2010: tími ákvarðanatöku“, tilkynnti framkvæmdastjórnin að hún myndi leggja til lágmarksöryggiskröfur fyrir jarðgöng í samevrópska vegakerfinu.
- 2) Flutningakerfið, einkum samevrópska vegakerfið eins og það er skilgreint í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur Bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins ⁽⁴⁾, hefur mikla þýðingu fyrir samrunann í Evrópu og vellíðan evrópskra borgara. Það er á ábyrgð Evrópubandalagsins að tryggja að öryggi, þjónusta og þægindi samevrópska vegakerfisins séu á háu stigi, samræmd og stöðug.
- 3) Löng jarðgöng sem eru yfir 500 m að lengd eru mikilvæg mannvirki sem auðvelda samskipti milli stórra svæða í Evrópu og gegna lykilhlutverki í starfsemi og framþróun svæðisbundinna hagkerfa.

- 4) Evrópuráðið hefur, einkum á fundi sínum 14. og 15. desember 2001 í Laeken, itrekað lagt áherslu á mikilvægi þess að gerðar verði ráðstafanir til að auka öryggi í jarðgöngum.
- 5) Samgönguráðherrar Austurríkis, Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Sviss hittust 30. nóvember 2001 í Zúrich og samþykktu sameiginlega yfirlýsingu þar sem mælt var með að innlend löggið yrði löguð að nýjustu samræmdu kröfum sem ætlað er að auka öryggi í löngum jarðgöngum.
- 6) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. að tryggja að vernd evrópskra borgara í veggöngum sé samræmd, stöðug og á háu stigi, og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve mikillar samræmingar er krafist, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreiffræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.
- 7) Nýleg slys í jarðgöngum hafa beint athygli manna að mikilvægi þeirra í mannlegu, efnahagslegu og menningarlegu tilliti.
- 8) Sum jarðgöng í Evrópu, sem tekin voru í notkun fyrir löngu síðan, voru hönnuð þegar tæknilegir möguleikar og samgönguskilyrði voru afar ólík því sem þau eru í dag. Því er öryggisstig misjafnt og úr því skal bætt.
- 9) Öryggi í jarðgöngum veltur á allmörgum ráðstöfunum sem tengjast m.a. lögun jarðganganna og hönnun, öryggisbúnaði, þ.m.t. umferðarskilti, umferðarstjórnun, þjálfun neyðarþjónustu, atvikastjórnun, upplýsingamiðlun til vegfarenda um hvernig best sé að haga sér í jarðgöngum, og bættum samskiptum milli yfirvalda og neyðarþjónustuaðila eins og lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 220, 16.9.2003, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 256, 24.10.2003, bls. 64.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 9. október 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. febrúar 2004 (Stjtið. ESB C 95 E, 20.4.2004, bls. 31) og afstaða Evrópuþingsins frá 20. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

- 10) Eins og þegar hefur verið sýnt fram á í starfi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) er hegðun vegfarenda afgerandi þáttur að því er varðar öryggi í jarðgöngum.
- 11) Öryggisráðstafanir ættu að gera fólki sem lendir í slysum kleift að bjarga sjálfu sér, gera vegfarendum kleift að bregðast strax við til að koma í veg fyrir alvarlegri afleiðingar, tryggja að neyðarþjónusta geti brugðist við með skilvirkum hætti og vernda umhverfið auk þess að takmarka eignatjón.
- 12) Umbæturnar sem af þessari tilskipun leiða munu bæta öryggi allra vegfarenda, þ.m.t. fatlaðra. Þó skal taka sérstakt tillit til öryggis fatlaðra þar sem þeir eiga erfiðara með undankomu á neyðarstundum.
- 13) Til að koma á yfirveguðum úrræðum og vegna hins mikla kostnaðar við ráðstafanirnar skal skilgreina lágmarksöryggisbúnað með tilliti til gerðar jarðganga og áætlaðs umferðarþunga um þau.
- 14) Alþjóðastofnanir eins og Alþjóðlega vegasambandið (World Road Association) og efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) hafa um langt skeið sett fram ómetanleg tilmæli um hvernig megi bæta og samræma öryggisbúnað og umferðarreglur í veggöngum. En þar sem þessi tilmæli eru ekki bindandi verða möguleikarnir sem þau bjóða upp á ekki nýttir til fulls nema til komi lagasetning sem lögbjóði kröfurnar sem þau tilgreina.
- 15) Öryggisaðstöðu í jarðgöngum verður að viðhalda vel til að tryggja að háu öryggisstigi sé viðhaldið. Skipti á upplýsingum um nútímaöryggisaðferðir og gögnum um slys/atvik milli aðildarríkjanna skulu skipulögð með kerfisbundnum hætti.
- 16) Svo tryggja megi að stjórnendur jarðganga beiti kröfum þessarar tilskipunar rétt skulu aðildarríkin tilnefna eitt eða fleiri yfirvöld á lands-, svæðis- eða staðarvísu sem bera ábyrgð á því að sjá um að farið sé að öllum öryggisþáttum í jarðgöngum.
- 17) Þörf er á sveigjanlegri tímaáætlun til að koma þessari tilskipun í framkvæmd smám saman. Þannig verður hægt að ljúka brýnustu verkefnum án þess að valda stórvægi- legum truflunum í flutningakerfinu eða skapa flöskuhálsa í opinberum framkvæmdum í aðildarríkjunum.
- 18) Mikill munur er á kostnaði frá einu aðildarríki til annars við að endurnýja jarðgöng sem fyrir eru, einkum af landfræðilegum ástæðum, og skal aðildarríkjunum vera heimilt að dreifa endurnýjunarverkefnum, sem nauðsynleg eru til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar, á lengri tíma ef fjöldi jarðganga á yfirráðasvæði þeirra er töluvert umfram evrópskt meðaltal.
- 19) Aðildarríkjunum skal heimilt að gera ráðstafanir til að draga úr áhættu í stað þess að beita kröfum þessarar tilskipunar að því er varðar jarðgöng sem þegar eru í rekstri eða jarðgöng sem hafa verið hönnuð og samþykkt en hafa ekki verið opnuð almenningi innan 24 mánaða frá gildistöku þessarar tilskipunar ef kostnaður við að beita lausnum sem fela í sér byggingarstarfsemi í jarðgöngunum er óhóflegur.
- 20) Enn er þörf á frekari tækniframförum til að auka öryggi í jarðgöngum. Mæla skal fyrir um aðferð til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að laga kröfur þessarar tilskipunar að tækniframförum. Aðferðina skal líka nota til að koma á samræmdri áhættugreiningaraðferð.
- 21) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.
- 22) Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um ráðstafanirnar sem þau hyggjast gera til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar með það fyrir augum að samstillta vinnu á vettvangi Bandalagsins til að draga úr umferðartruflunum.
- 23) Ef nauðsynlegt er samkvæmt kröfum þessarar tilskipunar að leggja annað gangarör í jarðgöng á hönnunar- eða byggingarstigi skal líta á þetta gangarör sem ný jarðgöng. Hið sama gildir ef kröfur þessarar tilskipunar gera það nauðsynlegt að koma á nýrri lagalega bindandi málsmeðferð við skipulagningu, þ.m.t. skýrslutaka vegna leyfisveitinga fyrir allar tengdar ráðstafanir.
- 24) Starfi skal haldið áfram á viðeigandi vettvangi til að koma á mikilli samræmingu hvað varðar skilti og skýringarmyndir sem notaðar eru á breytilegum merkjaskiltum í jarðgöngum. Hvetja skal aðildarríkin til að samræma skilfleti allra jarðganga á yfirráðasvæðum þeirra.

(¹) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

25) Hvetja skal aðildarríkin til að koma á sambærilegu öryggisstigi í veggöngum sem staðsett eru á yfirráðasvæðum þeirra en eru ekki hluti af samevrópska vegakerfinu og falla því ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.

26) Hvetja skal aðildarríkin til að þróa innlend ákvæði sem miða að því að koma á hærra öryggisstigi í jarðgöngum,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Markmið þessarar tilskipunar er að tryggja lágmarksöryggi vegfarenda í jarðgöngum í samevrópska vegakerfinu með því að koma í veg fyrir hættuleg atvik sem kunna að stefna mannlífum, umhverfinu og gangamannvirkjum í hættu og með því að kveða á um vernd ef slys eiga sér stað.

2. Tilskipunin skal gilda um öll jarðgöng í samevrópska vegakerfinu sem eru lengri en 500 metrar hvort sem þau eru í notkun, verið er að grafa þau eða þau eru á hönnunarstigi.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun gilda eftirfarandi hugtök:

- „samevrópska vegakerfið“: vegakerfið sem skilgreint er í 2. þætti I. viðauka við ákvörðun nr. 1692/96/EB og skýrt með kortum og/éða lýst í II. viðauka við þá ákvörðun,
- „neyðarþjónusta“: öll staðbundin þjónusta, hvort sem hún tengist opinberum aðilum, einkaaðilum eða starfsfólki jarðganga sem er kölluð út ef slys ber að höndum, þ.m.t. lögregla, slökkvilið og björgunarsveitir,
- „lengd jarðganga“: lengd lengstu akreinar mæld í þeim hluta jarðganganna sem er að fullu lokaður.

3. gr.

Öryggisráðstafanir

- Aðildarríkin skulu sjá til þess að jarðgöng á yfirráðasvæði þeirra sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar samræmist þeim lágmarksöryggiskröfum sem kveðið er á um í I. viðauka.
- Ef ekki er hægt að fullnægja tilteknum byggingarkröfum sem mælt er fyrir um í I. viðauka með tæknilausnum, eða ef kostnaður við þær er óhóflegur, er stjórnvaldinu sem um getur í 4. gr. heimilt að samþykkja framkvæmd ráðstafana til að draga úr áhættu í stað þess að beita þeim kröfum, að því tilskildu að þær ráðstafanir leiði til sambærilegrar eða aukinnar verndar.

Sýna skal fram á skilvirkni þessara ráðstafana með áhættugreiningu sem samræmist ákvæðum 13. greinar. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir til að draga úr áhættu sem samþykktar hafa verið í staðinn og rökstyðja valið. Þessi málsgrein skal ekki gilda um jarðgöng á hönnunarstigi eins og getið er um í 9. grein.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að tilgreina strangari kröfur að því tilskildu að þær brjóti ekki í bága við kröfur þessarar tilskipunar.

4. gr.

Stjórnvald

1. Aðildarríkin skulu tilnefna stjórnvald eða stjórnvöld, hér á eftir nefnt stjórnvald, sem skal bera ábyrgð á því að allir öryggisþættir jarðganga séu tryggðir og sem skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Stjórnvaldinu má koma á fót á lands-, svæðis- eða staðarvísu.

3. Sérhver jarðgöng í samevrópska vegakerfinu sem staðsett eru á yfirráðasvæði eins aðildarríkis skulu vera á ábyrgð eins stjórnvalds. Þegar jarðgöng eru staðsett á yfirráðasvæðum tveggja aðildarríkja skal hvort aðildarríki tilnefna stjórnvald eða aðildarríkin tvö tilnefna sameiginlegt stjórnvald. Ef um er að ræða tvenn stjórnvöld skulu ákvarðanir sem annað tekur innan valdsviðs síns eða í krafti ábyrgðar sinnar með tilliti til öryggis í jarðgöngum aðeins samþykktar að fengnu samþykki hins stjórnvaldsins.

4. Stjórnvaldið skal sjá til þess að jarðgöng séu tekin í notkun í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

5. Með fyrirvara um frekari ráðstafanir varðandi þetta efni á innlendum vettvangi skal stjórnvaldið hafa heimild til að stöðva tímabundið eða takmarka starfsemi jarðganga ef öryggiskröfum er ekki fullnægt. Stjórnvaldið skal tilgreina skilyrði fyrir því að eðlileg umferð geti hafist aftur.

6. Stjórnvaldið skal tryggja að eftirfarandi verkefnum verði sinnt:

- reglulegum prófunum og skoðunum á jarðgöngum og samningu öryggiskrafna þar að lútandi,
- að komið verði á skipulags- og rekstraráætlunum (þ.m.t. neyðaráætlanir) um að þjálfa og sjá neyðarþjónustu fyrir búnaði,

- c) að skilgreind verði verklagsregla um tafarlausa lokun jarðganga á neyðarstundum,
- d) framkvæmd ráðstafana til að draga úr áhættu.

7. Ef aðilar, sem tilnefndir eru sem stjórnvöld, voru til staðar fyrir tilnefninguna sem um getur í þessari grein er þeim stjórnvöldum heimilt að halda áfram fyrri starfsemi sinni að því tilskildu að þau uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar.

5. gr.

Stjórnandi jarðganga

1. Stjórnvaldið skal tilnefna, fyrir sérhver jarðgöng sem staðsett eru á yfirráðsvæði eins aðildarríkis, sem stjórnanda jarðganga þann opinbera aðila eða einkaaðila sem ber ábyrgð á stjórn jarðganganna á því stigi sem um ræðir, hvort sem þau eru á hönnunarstigi, verið er að grafa þau eða þau eru í rekstri. Stjórnvaldið má sjálf sinna þessu hlutverki.

2. Þegar jarðgöng eru staðsett á yfirráðsvæðum tveggja aðildarríkja skulu stjórnvöldin eða sameiginlega stjórnvaldið aðeins viðurkenna einn aðila til að stjórna rekstri jarðganganna.

3. Stjórnandi jarðganga skal semja skýrslu um öll umtalsverð atvik eða slys sem eiga sér stað í jarðgöngunum. Skýrsluna skal senda öryggisfulltrúanum sem um getur í 6. grein, stjórnvaldinu og neyðarþjónustu innan mánaðar.

4. Ef rannsóknarskýrsla er samin til að greina kringumstæður atviksins eða slyssins sem um getur í 3. málsgrein eða þær niðurstöður sem af því má draga skal stjórnandi jarðganganna senda þá skýrslu til öryggisfulltrúans, stjórnvaldsins og neyðarþjónustunnar eigi síðar en mánuði eftir að hann eða hún fær hana í hendur.

6. gr.

Öryggisfulltrúi

1. Stjórnandi jarðganga skal, að fengu samþykki stjórnvalds, tilnefna einn öryggisfulltrúa fyrir sérhver jarðgöng sem skal samræma allar forvarnar- og öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi vegfarenda og starfsfólks. Öryggisfulltrúinn má vera starfsmaður í jarðgöngunum eða starfsmaður neyðarþjónustu, honum ber að vera óháður aðili að því er varðar öryggismál í veggöngum og hann skal ekki taka við fyrir mælum frá atvinnuveitanda varðandi þessi mál. Öryggisfulltrúa er heimilt að sinna störfum sínum og verkefnum í nokkrum jarðgöngum á tilteknu svæði.

2. Öryggisfulltrúinn skal sinna eftirfarandi störfum og verkefnum:

- a) tryggja samstarf við neyðarþjónustu og taka þátt í undirbúningi rekstraráætlana,

- b) taka þátt í skipulagningu, framkvæmd og mati á neyðaradgerðum,

- c) taka þátt í skilgreiningu öryggisáætlana og gerð forskrifa fyrir byggingu, búnað og rekstur, bæði hvað varðar ný jarðgöng og breytingar á jarðgöngum sem fyrir eru,

- d) ganga úr skugga um að starfsfólk og neyðarþjónusta hljóti þjálfun og hann eða hún skal taka þátt í skipulagningu æfinga sem halda skal með reglulegu millibili,

- e) veita ráðgjöf varðandi það að taka mannvirkið í notkun, búnað og rekstur jarðganga,

- f) ganga úr skugga um að mannvirkjum og búnaði í jarðgöngum sé viðhaldið og við þau gert.

- g) taka þátt í mati á öllum umtalsverðum atvikum eða slysum eins og um getur í 3. og 4. mgr. 5. gr.

7. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að skoðunaraðilar láti fara fram eftirlit, mat og prófanir. Stjórnvaldinu er heimilt að sinna þessu hlutverki. Aðili sem sinnir eftirliti, mati og prófunum verður að vera afar hæfur, viðhafa verklagsreglur sem tryggja mikil gæði og starfa óháð stjórnanda jarðganganna.

8. gr.

Tilkynning um stjórnvald

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um nafn og heimilisfang stjórnvaldsins fyrir 1. maí 2006. Breytist þessar upplýsingar skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það innan þriggja mánaða.

9. gr.

Jarðgöng sem hönnun hefur ekki verið samþykkt fyrir

1. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda fyrir öll jarðgöng sem yfirvaldið, sem ber ábyrgð, hefur ekki samþykkt hönnun fyrir þann 1. maí 2006.

2. Jarðgöngin skulu tekin í notkun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

10. gr.

Jarðgöng sem hönnun hefur verið samþykkt fyrir en hafa ekki verið opnuð

1. Þegar um er að ræða jarðgöng sem hönnun hefur verið samþykkt fyrir en sem hafa ekki verið opnuð almenningi fyrir 1. maí 2006 skal stjórnvaldið meta samræmi þeirra við kröfur þessarar tilskipunar með sérstöku tilliti til gagnanna um öryggi sem kveðið er á um í II. viðauka.

2. Ef stjórnvald kemst að því að jarðgöng samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar skal það tilkynna stjórnanda jarðganganna að gera verði viðeigandi ráðstafanir til að auka öryggi og tilkynna öryggisfulltrúanum það.

3. Síðan skal taka jarðgöngin í notkun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

11. gr.

Jarðgöng sem þegar eru í rekstri

1. Þegar um er að ræða jarðgöng sem hafa verið opnuð almenningi fyrir 30. apríl 2006 skal stjórnvaldið hafa frest til 30. október 2006 til að meta samræmi þeirra við kröfur þessarar tilskipunar með sérstöku tilliti til gagnanna um öryggi sem kveðið er á um í II. viðauka og á grundvelli skoðunar.

2. Stjórnandi jarðganganna skal, ef nauðsyn krefur, leggja til við stjórnvaldið áætlun um hvernig aðlaga megi jarðgöngin að ákvæðum þessarar tilskipunar og þær ráðstafanir til úrbóta sem hann hyggst gera.

3. Stjórnvaldið skal samþykkja ráðstafanir til úrbóta eða óska eftir að þeim verði breytt.

4. Ef ráðstafanir til úrbóta fela í sér verulegar breytingar á byggingu eða rekstri skal beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í II. viðauka þegar þessar ráðstafanir hafa verið gerðar.

5. Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 30. apríl 2007 um það hvernig þau hyggjast uppfylla kröfur þessarar tilskipunar, skipulagðar ráðstafanir, og þar sem við á, um afleiðingar þess að opna eða loka aðkomuleiðum að jarðgöngunum. Til að truflanir á umferð verði sem minnstar á Evrópuvettvangi getur framkvæmdastjórnin gert athugasemdir við tímaáætlun þeirra verka sem ætlað er að tryggja að jarðgöng uppfylli kröfur þessarar tilskipunar.

6. Endurnýjun jarðganga skal fara fram samkvæmt áætlun og skal lokið fyrir 30. apríl 2014.

7. Aðildarríkjum er heimilt að framlengja tímabilið, sem um getur í 6. mgr., um fimm ár ef heildarlengd jarðganga sem þar eru fyrir, deilt með heildarlengd þess hluta samevrópska vegakerfisins sem liggur á yfirráðasvæði þeirra er yfir evrópsku meðaltali.

12. gr.

Reglubundin skoðun

1. Stjórnvaldið skal ganga úr skugga um að skoðunaraðili láti fara fram reglubundnar skoðanir til að tryggja að öll jarðgöng sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar uppfylli ákvæði hennar.

2. Aldrei skulu líða meira en sex ár milli skoðana í hverjum jarðgöngum.

3. Ef stjórnvald kemst að því á grundvelli skýrslu skoðunaraðila að jarðgöng samræmist ekki ákvæðum þessarar tilskipunar skal það tilkynna stjórnanda jarðganganna og öryggisfulltrúanum að gera verði viðeigandi ráðstafanir til að auka öryggi í jarðgöngunum. Stjórnvaldið skal setja skilyrði fyrir áframhaldandi rekstri jarðganganna eða fyrir því að þau verði opnuð á ný sem skulu gilda þangað til ráðstöfunum til úrbóta eða öðrum viðeigandi takmörkunum eða skilyrðum hefur verið beitt.

4. Ef ráðstafanir til úrbóta fela í sér verulegar breytingar á byggingu eða rekstri jarðganga skal afla nýs starfsleyfis fyrir jarðgöngin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í II. viðauka þegar þessar ráðstafanir hafa verið gerðar.

13. gr.

Áhættugreining

1. Áhættugreiningar skulu, ef nauðsyn krefur, framkvæmdar af aðila sem starfar óháð stjórnanda jarðganga. Innihald og niðurstöður áhættugreiningar skulu vera hluti af gögnunum um öryggi sem lögð eru fyrir stjórnvaldið. Áhættugreining er greining áhættu í tilteknum jarðgöngum þar sem tekið er tillit til allra hönnunarpátta og umferðaraðstæðna sem hafa áhrif á öryggi, einkum einkenna og gerðar umferðar, lengdar og lögunar jarðganga auk þess fjölda þungaflutningabifreiða sem spáð er að fari um þau á dag.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að á innlendum vettvangi sé beitt ítarlegri og vel skilgreindri aðferðafræði í samræmi við bestu mögulegu starfshætti og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða aðferðafræði beitt er. Framkvæmdastjórnin skal veita hinum aðildarríkjunum aðgang að þessum upplýsingum á rafrænu forni.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta skýrslu um þá starfshætti sem fylgt er í aðildarríkjunum eigi síðar en 30. apríl 2009. Framkvæmdastjórninni skal vera heimilt að leggja fram tillögur um að tekin verði upp sameiginleg, samræmd aðferðafræði við áhættugreiningu í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 17. gr., ef nauðsyn krefur.

14. gr.

Undanþágur fyrir aðferðir sem byggja á nýsköpun

1. Til að gera kleift að setja upp eða nota öryggisbúnað sem byggir á nýsköpun eða beita öryggisreglum sem byggja á nýsköpun og veita sambærilega eða betri vernd en fyrirbyggjandi tækni, eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun, er stjórnvaldi heimilt að veita undanþágu frá kröfum þessarar tilskipunar á grundvelli tilhlýðilega skjalfestrar beiðni frá stjórnanda jarðganganna.

2. Ef stjórnvaldið hyggst veita slíka undanþágu skal aðildarríkið fyrst leggja fram umsókn um undanþágu til framkvæmdastjórnarinnar sem inniheldur upphaflegu beiðnina og álit skoðunaraðilans.

3. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um umsóknina innan mánaðar frá því að hún berst.

4. Ef hvorki framkvæmdastjórnin né aðildarríki mótmæla innan þriggja mánaða skal líta svo á að undanþágan hafi verið veitt og framkvæmdastjórnin tilkynna öllum aðildarríkjunum um það.

5. Ef mótmæli berast skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr. Ef ákvörðunin er neikvæð skal stjórnvaldið ekki veita undanþáguna.

6. Eftir að skoðun hefur farið fram í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr. og undanþága veitt er heimilt að beita þeirri undanþágu á önnur jarðgöng.

7. Framkvæmdastjórnin skal birta skýrslu um starfshættina sem fylgt er í aðildarríkjunum ef talið er að beiðnir um undanþágur sem lagðar eru fyrir hana réttlæti það og leggja fram tillögur að breytingum á þessari tilskipun ef nauðsyn krefur.

15. gr.

Skýrslugjöf

1. Á tveggja ára fresti skulu aðildarríkin taka saman skýrslur um eldsvöða í jarðgöngum og um slys sem hafa greinileg áhrif á öryggi vegfarenda í jarðgöngum og um orsakir og tíðni slíkra atvika, meta þau og veita upplýsingar um raunverulegt hlutverk og skilvirkni öryggisaðstöðu og -ráðstafana Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslurnar fyrir lok september næsta árs á eftir tímabilinu sem skýrslurnar taka til. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjunum aðgang að þessum skýrslum.

2. Aðildarríkin skulu gera áætlun sem inniheldur tímaáætlun um hvernig skuli beita ákvæðum þessarar tilskipunar smám saman að því er varðar jarðgöng sem þegar eru í rekstri eins og lýst er í 11. gr. og tilkynna það framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. október 2006. Eftir það skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni á tveggja ára fresti um stöðuna á framkvæmd áætlunarinnar og um breytingar sem hafa verið gerðar á henni til loka tímabilsins sem um getur í 6. og 7. mgr. 11. gr.

16. gr.

Aðlögun að tækniframförum

Framkvæmdastjórnin skal aðlaga viðaukana við þessa tilskipun að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

17. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

18. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

2. Í ákvæðunum sem samþykkt eru af aðildarríkjunum skal vera tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

19. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 29. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.

I. VIÐAUKI

Öryggisráðstafanir sem um getur í 3. gr.

1. Grundvöllur til ákvörðunar öryggisráðstafana
 - 1.1. Öryggisfæribreytur
 - 1.1.1. Öryggisráðstafanir sem gera skal í jarðgöngum skulu byggðar á kerfisbundnum athugunum á öllum þáttum kerfisins sem samanstandur af grunnvirki, rekstri, vegfarendum og ökutækjum.
 - 1.1.2. Taka skal tillit til eftirfarandi færibreyta:
 - lengdar jarðganga,
 - fjölda gangaröra,
 - fjölda akreina,
 - þversniðslögunar,
 - láréttar og lódréttar legu;
 - byggingargerðar,
 - hvort umferð liggur í aðra áttina eða í báðar áttir,
 - umferðarþunga í hverju gangaröri (þ.m.t. tímadreifing),
 - hættu á umferðarþröng (dagleg eða árstíðabundin),
 - tímans sem það tekur neyðarþjónustu að komast á staðinn,
 - hvort þungaflutningabifreiðar keyri um jarðgöngin og hvert hlutfall þeirra er af umferð,
 - hvort farið sé með hættulegan farm um jarðgöngin, hvert hlutfall hans er af umferð og hvers eðlis hann er,
 - einkenna aðkomuleiða,
 - breiddar akreina,
 - atriða er varða hraða,
 - landfræðilegs og veðurfræðilegs umhverfis.
 - 1.1.3. Ef jarðgöng hafa sérstök einkenni hvað varðar áður nefndar færibreytur skal áhættugreining fara fram í samræmi við 13. gr. til að ákvarða hvort þörf er á viðbótaröryggisráðstöfunum og/eða viðbótarbúnaði til að fyllsta öryggis sé gætt. Þessi áhættugreining skal taka tillit til hugsanlegra slysa, sem hafa greinileg áhrif á öryggi vegfarenda í jarðgöngum og kynnu að eiga sér stað þegar jarðgöngin hafa verið tekin í notkun, og eðlis og umfangs hugsanlegra afleiðinga þeirra.
 - 1.2. Lágmarkskröfur
 - 1.2.1. Gera skal a.m.k. öryggisráðstafanirnar sem krafist er í eftirfarandi málsgreinum til að tryggja lágmarksöryggi í öllum jarðgöngum sem falla undir tilskipunina. Veita má takmarkaðar undanþágur frá þessum kröfum að því tilskildu að eftirfarandi málsmæðferð sé lokið. Aðildarríkin eða stjórnvald skulu senda til framkvæmdastjórnarinnar upplýsingar um eftirfarandi:
 - takmarkaða undanþágu eða undanþágur sem fyrirhugaðar eru,
 - brýnar ástæður sem liggja að baki takmörkuðu undanþágum sem fyrirhugaðar eru,
 - hvaða aðrar ráðstafanir á að nota eða efla til að tryggja a.m.k. sambærilegt öryggi, þ.m.t. sönnun í formi viðeigandi áhættugreiningar.

Framkvæmdastjórnin skal senda beiðni um takmarkaða undanþágu til aðildarríkjanna eins fljótt og unnt er og í öllum tilvikum innan mánaðar frá því að hún berst.

Ef hvorki framkvæmdastjórnin né aðildarríki mótmæla innan þriggja mánaða frá því að beiðni berst skal líta svo á að takmarkaða undanþágan hafi verið veitt og framkvæmdastjórnin tilkynna öllum aðildarríkjunum um það. Ef mótmæli berast skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr. Ef ákvörðunin er neikvæð skal stjórnvaldið ekki veita takmörkuðu undanþáguna.

- 1.2.2. Til að tryggja samræmt viðmót í öllum jarðgöngum sem falla undir þessa tilskipun má ekki veita undanþágu frá kröfum eftirfarandi málsgreina varðandi hönnun þeirrar öryggisaðstöðu sem tiltæk er vegfarendum um jarðgöngin (neyðarstöðva, skilta, útskota, neyðarútganga, endurværps útvarpssendinga þar sem þess er krafist).
- 1.3. Umferðarþungi
- 1.3.1. Þegar minnst er á „umferðarþunga“ í þessum viðauka er átt við ársdagsumferð á hverri akrein í jarðgöngum. Til að ákvarða umferðarþunga skal hvert vélknúid ökutæki talið sem ein eining.
- 1.3.2. Þar sem fjöldi þungaflutningabíla sem vega meira en 3,5 tonn er meiri en 15% af ársdagsumferð eða árstíðabundin dagleg umferð er umtalsvert meiri en ársdagsumferð skal meta viðbótaráhættuna og taka tillit til hennar með því að reikna með meiri umferðarþunga í jarðgöngunum við beitingu eftirfarandi málsgreina.
2. Ráðstafanir varðandi grunnvirki
- 2.1. Fjöldi gangaröra og akreina
- 2.1.1. Helstu viðmið þess hvort leggja eigi jarðgöng með einu eða tveimur gangarörum skulu vera áætlaður umferðarþungi og öryggi þar sem tekið skal tillit til þátta eins og hlutfalls þungaflutningabífreiða, halla og lengdar.
- 2.1.2. Þar sem spá til 15 ára fyrir jarðgöng á hönnunarstigi sýnir að umferðarþungi muni verða meiri en 10 000 ökutæki á dag á akrein skulu í öllum tilvikum vera til staðar jarðgöng með tveimur gangarörum og umferð í aðra áttina þegar umferðin verður meiri en það.
- 2.1.3. Að undanskilinni neyðarakrein skal vera sami fjöldi akreina í jarðgöngunum og er utan þeirra. Breytingar á akreinafjölda skulu eiga sér stað í nægilegri fjarlægð frá opi jarðganganna. Þessi vegalengd skal a.m.k. vera sú vegalengd sem ökutækið ekur á 10 sekúndum á leyfðum hámarkshraða. Þegar landfræðilegar aðstæður hindra þetta skulu gerðar viðbótarráðstafanir eða ráðstafanir styrktar til að auka öryggi.
- 2.2. Þversniðslögun jarðganga
- 2.2.1. Sérstakt tillit skal tekið til öryggis þegar þversniðslögun og lárétt og lóðrétt lega jarðganga og aðkomuleiða að þeim er hönnuð þar sem þessar færðabreytingar hafa töluverð áhrif á líkur á slysum og það hversu alvarleg þau eru.
- 2.2.2. Lengdarhalli í nýjum jarðgöngum skal ekki vera meiri en 5% nema landfræðilegir þættir útiloki aðrar lausnir.
- 2.2.3. Í jarðgöngum þar sem halli er meiri en 3% skulu gerðar viðbótarráðstafanir eða ráðstafanir eflar til að auka öryggi á grundvelli áhættugreiningar.
- 2.2.4. Þar sem breidd akreinar sem ætluð er til hægari aksturs er minni en 3,5 metrar skulu gerðar viðbótarráðstafanir eða ráðstafanir eflar til að auka öryggi á grundvelli áhættugreiningar.
- 2.3. Undankomuleiðir og neyðarútgangar
- 2.3.1. Í nýjum jarðgöngum þar sem ekki er neyðarakrein skulu vera neyðargangvegir, ýmist upphækkaðir eða ekki, sem vegfarendur í jarðgöngunum geta notað ef bilun eða slys verður. Þetta ákvæði gildir ekki ef byggingareiginleikar jarðganganna leyfa það ekki eða kostnaður er óhóflægur og umferð um jarðgöngin liggur aðeins í eina átt og þau eru búin sívirkri eftirlitskerfi og kerfi til að loka akreinum.
- 2.3.2. Í jarðgöngum, sem fyrir eru, þar sem hvorki er neyðarakrein né neyðargangvegur skulu gerðar viðbótarráðstafanir eða ráðstafanir eflar til að tryggja öryggi.
- 2.3.3. Neyðarútgangar gera vegfarendum í jarðgöngum kleift að yfirgefa jarðgöngin án ökutækja sinna og komast á öruggan stað ef slys eða eldsvoði verður og gera einnig starfsfólki neyðarþjónustu kleift að komast fótgangandi í þau. Dæmi um slíka neyðarútganga eru:
- útgangar sem liggja beint út úr jarðgöngum,
 - tengirör milli gangaröra í jarðgöngum,
 - útgangar sem liggja að neyðarrými
 - skýli þar sem eru undankomuleiðir sem eru aðskildar frá gangarörunum í jarðgöngunum.

- 2.3.4. Ekki skal byggja skýli sem ekki hafa útgang sem liggur að undankomuleiðum sem liggja út.
- 2.3.5. Neyðarútgangar skulu útbúnir ef greining á viðeigandi áhættu, þ.m.t. hversu langt og hratt reykur berst við staðarskilyrði, sýnir fram á að loftræsting og önnur öryggisúrræði séu ófullnægjandi til að tryggja öryggi vegfarenda.
- 2.3.6. Í nýjum jarðgöngum þar sem umferðarþungi er meiri en 2 000 ökutæki á akrein skulu vera neyðarútgangar.
- 2.3.7. Í jarðgöngum sem fyrir eru og eru lengri en 1 000 metrar og þar sem umferðarþungi er meiri en 2 000 ökutæki á akrein skal meta hagkvæmni og skilvirkni þess að koma fyrir nýjum neyðarútgöngum.
- 2.3.8. Þar sem neyðarútgangar eru til staðar skal fjarlægðin milli tveggja neyðarútganga ekki vera meiri en 500 metrar.
- 2.3.9. Viðeigandi úrræðum, eins og t.d. dyrum, skal beitt til að koma í veg fyrir að reykur og hiti komist í undankomuleiðir bak við neyðarútganga svo að vegfarendur í jarðgöngum geti komist örugglega út og neyðarþjónusta hafi aðgang að jarðgöngunum.
- 2.4. Aðgangur neyðarþjónustu
- 2.4.1. Í jarðgöngum með tveimur gangarörum þar sem gangarörin eru í sömu hæð eða því sem næst skal koma fyrir tengirörum ætluðum neyðarþjónustu og má ekki vera lengra á milli þeirra en 1 500 metrar.
- 2.4.2. Þar sem það er landfræðilega mögulegt skal vera hægt að fara yfir miðdeilinn (umferðareyjuna) fyrir utan opin á jarðgöngum með tveimur eða fleiri gangarörum. Þessi ráðstöfun mun gera neyðarþjónustu kleift að komast að öllum gangarörum strax.
- 2.5. Útskot
- 2.5.1. Í nýjum jarðgöngum með umferð í báðar áttir sem eru lengri en 1 500 metrar og umferðarþungi er meiri en 2 000 ökutæki á akrein skulu vera útskot sem ekki er lengra á milli en 1 000 metrar ef neyðarakreinar eru ekki til staðar.
- 2.5.2. Í jarðgöngum, sem fyrir eru, sem hafa umferð í báðar áttir og eru lengri en 1 500 metrar og þar sem umferðarþungi er meiri en 2 000 ökutæki á akrein en hafa ekki neyðarakrein skal meta hagkvæmni og skilvirkni þess að koma fyrir útskotum.
- 2.5.3. Ef byggingareiginleikar jarðganga leyfa það ekki eða kostnaður er óhóflegur þarf ekki að koma fyrir útskotum ef heildarbreidd jarðganganna sem ökutæki hafa aðgang að, að undanskildum upphækkuðum hlutum og akreinum fyrir venjulega umferð, jafngildir a.m.k. breidd einnar akreinar fyrir venjulega umferð.
- 2.5.4. Í útskotum skal vera neyðarstöð.
- 2.6. Framræsla
- 2.6.1. Þar sem heimilað er að flytja hættulegan farm skal vera hægt að ræsa fram eldfíma og eitraða vökva eftir vel hönnuðum niðurfallsrennum með raufum eða með öðrum ráðstöfunum í þversniðseiningum jarðganganna. Að auki skal framræsluferfið vera þannig hannað og viðhaldið að eldur og eldfimir og eitraðir vökvar breiðist ekki út í gangarörum og milli gangaröra.
- 2.6.2. Ef ekki er hægt að uppfylla þessa kröfu í jarðgöngum sem fyrir eru, eða kostnaður við það er óhóflegur, skal taka tillit til þessa þegar ákveðið er hvort leyfa skuli flutning hættulegs farms á grundvelli greiningar á viðeigandi áhættu.
- 2.7. Brunapól burðarvirkja
- Tryggja skal nægilegt brunapól aðalburðarvirkis allra jarðganga þar sem staðbundið hrun burðarvirkisins gæti haft hörnulegar afleiðingar, t.d. jarðganga sem liggja undir vatn eða jarðganga sem geta valdið hruni nærliggjandi mannvirkja.
- 2.8. Lýsing
- 2.8.1. Hefðbundin lýsing skal vera til staðar til að tryggja nægilegt skyggni að degi og nóttu fyrir ökumenn við opið að jarðgöngunum og inni í þeim.
- 2.8.2. Öryggislýsing skal vera til staðar til að tryggja lágmarksskyggni fyrir vegfarendur í jarðgöngum svo þeir komist út úr jarðgöngunum í ökutækjum sínum ef bilun verður í aflgjafa.
- 2.8.3. Neyðarlýsing, eins og t.d. ljós sem marka leið að neyðarútgöngum, skal vera til staðar og ekki vera í meira en 1,5 metra hæð til að leiðbeina fótgangandi vegfarendum út úr jarðgöngunum í neyðartilvikum.

- 2.9. Loftræsting
- 2.9.1. Hönnun, smíði og starfræksla loftræstikerfisins skal taka tillit til:
- þess að halda þarf útblæstri mengunarefna frá ökutækjum í skefjum, bæði við venjulegt umferðarflæði og hámarksuferðarflæði,
 - þess að halda þarf útblæstri mengunarefna frá ökutækjum í skefjum þegar umferð stöðvast vegna atviks eða slyss,
 - þess að halda þarf útbreiðslu hita og reyks í skefjum í eldsvoða.
- 2.9.2. Vélrænu loftræstikerfi skal komið fyrir í öllum jarðgöngum sem eru lengri en 1 000 metrar og þar sem umferðarþungi er meiri en 2 000 ökutæki á akrein.
- 2.9.3. Í jarðgöngum þar sem umferð er í báðar áttir og/eða þung umferð í aðra áttina skal aðeins heimila loftræstingu sem liggur langsum ef áhættugreining skv. 13. gr. sýnir að hún er ásættanleg og/eða sérstakar ráðstafanir eru gerðar eins og t.d. viðeigandi umferðarstjórnun, fjarlægð að neyðarútgöngum stytt, útblástursrörum fyrir reyk komið fyrir með reglulegu millibili.
- 2.9.4. Þverstæð eða hálfþverstæð loftræstikerfi skulu notuð í jarðgöngum þar sem þörf er á vélrænu loftræstikerfi og loftræsting sem liggur langsum er ekki heimil skv. lið 2.9.3. Þessi kerfi verða að geta losað reyk í eldsvoða.
- 2.9.5. Í jarðgöngum þar sem umferð liggur í báðar áttir, umferðarþungi er meiri en 2 000 ökutæki á akrein, jarðgöngin eru lengri en 3 000 metrar og eru með stjórnstöð og þverstæðu og/eða hálfþverstæðu loftræstikerfi, skulu eftirfarandi lágmarksráðstafanir gerðar varðandi loftræstingu:
- koma skal fyrir útdráttarlokum fyrir loft og reyk sem hægt er að stýra hverri fyrir sig eða mörgum saman,
 - stöðugt eftirlit skal haft með lofthraða langsum og stýriferli loftræstikerfisins (lokar, viftur, o.s.frv.) stillt í samræmi við það.
- 2.10. Neyðarstöðvar
- 2.10.1. Neyðarstöðvum er ætlað að geyma ýmsan öryggisbúnað, einkum neyðarsíma og slökkvitæki, en er ekki ætlað að vernda vegfarendur gegn eldi.
- 2.10.2. Neyðarstöðvar mega vera í kassa á vegg en ákjósanlegra er að þær séu í útskoti í vegg. Í þeim skal a.m.k. vera neyðarsími og tvö slökkvitæki.
- 2.10.3. Neyðarstöðvar skulu vera nálægt opum og inni í nýjum jarðgöngum með ekki meira en 150 metra millibili en í jarðgöngum sem fyrir eru með ekki meira en 250 metra millibili.
- 2.11. Vatnsveita
- Vatnsveita skal vera í öllum jarðgöngum. Brunahanar skulu vera nálægt opum og inni í jarðgöngum með ekki meira en 250 metra millibili. Ef vatnsveita er ekki tiltæk er skylt að tryggja að nægilegt vatn fái eftir öðrum leiðum.
- 2.12. Umferðarskilti
- Sérstök skilti skulu notuð fyrir alla öryggisaðstöðu sem vegfarendur í jarðgöngum geta notað. Skiltum og plötum sem nota skal í jarðgöngum er lýst í III. viðauka.
- 2.13. Stjórnstöð
- 2.13.1. Stjórnstöð skal komið fyrir í öllum jarðgöngum sem eru lengri en 3 000 metrar og þar sem umferðarþungi er meiri en 2 000 ökutæki á akrein.
- 2.13.2. Eftirlit í nokkrum jarðgöngum má samræma í einni stjórnstöð.
- 2.14. Vöktunarkerfi
- 2.14.1. Eftirlitsmyndavélakerfi og kerfi, sem geta sjálfkrafa greint umferðaratvik (eins og t.d. stöðvun ökutækja) og/eða eld, skal setja upp í öllum jarðgöngum með stjórnstöð.
- 2.14.2. Sjálfvirkum eldskynjunarkerfum skal komið fyrir í öllum jarðgöngum sem ekki hafa stjórnstöð þar sem starfræksla vélræns loftræstikerfis til að halda reyk í skefjum er ólík sjálfvirkri starfrækslu loftræstingar til að halda mengunarefnum í skefjum.

- 2.15. Búnaður til lokunar jarðganga
- 2.15.1. Í öllum jarðgöngum sem eru lengri en 1 000 metrar skal koma fyrir umferðarljósum fyrir framan opin svo hægt sé að loka jarðgöngunum í neyðartilvikum. Heimilt er að beita viðbótarúrræðum eins og t.d. breytilegum merkjaskiltum og hindrunum til að tryggja að fyrirmælum sé fylgt.
- 2.15.2. Í öllum jarðgöngum sem eru lengri en 3 000 metrar, hafa stjórnstöð og þar sem umferðarþungi er meiri en 2 000 ökutæki á akrein er æskilegt að búnaður sé til staðar til að stöðva ökutæki í neyðartilvikum með ekki meira en 1 000 metra millibili. Þessi búnaður skal samanstanda af umferðarljósum og hugsanlega viðbótarúrræðum eins og t.d. hátölurum, breytilegum merkjaskiltum og hindrunum.
- 2.16. Fjarskiptakerfi
- 2.16.1. Búnaði til endurvarps útvarpssendinga neyðarþjónustu skal komið fyrir í öllum jarðgöngum sem eru lengri en 1 000 metrar og þar sem umferðarþungi er meiri en 2 000 ökutæki á akrein.
- 2.16.2. Þar sem stjórnstöðvar eru verður að vera mögulegt að rjúfa endurvarp útvarpssendinga á rásum sem ætlaðar eru vegfarendum, ef þær eru til staðar, til að útvarpa neyðartilkynningum.
- 2.16.3. Skýli og önnur aðstaða þar sem vegfarendur, sem eru að yfirgefa jarðgöng, verða að bíða áður en þeir komast út skal útbúin með hátölurum til að miðla upplýsingum til vegfarenda.
- 2.17. Aflgjafi og rafrásir
- 2.17.1. Í öllum jarðgöngum skal vera neyðaraflgjafi sem tryggir starfrækslu öryggisbúnaðar sem nauðsynlegur er til rýmingar þangað til allir vegfarendur hafa yfirgefið jarðgöngin.
- 2.17.2. Raf-, mæli- og stjórnrásir skulu hannaðar þannig að staðbundin bilun, eins og t.d. vegna elds, hafi ekki áhrif á rásir sem ekki verða beint fyrir skemmdum.
- 2.18. Brunapól búnaðar
- Brunapól alls búnaðar í jarðgöngum skal taka mið af tæknilegum möguleikum og miða að því að viðhalda nauðsynlegri öryggisvirkni í eldsvoða.
- 2.19. Tafla sem sýnir samantekt upplýsinga um lágmarkskröfur
- Í töflunni hér á eftir eru teknar saman þær lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í málsgreinunum hér að framan. Lágmarkskröfurnar sem er að finna í texta þessa viðauka gilda.

SAMANTEKT LÁGMARKSKRAFA

		Umferð ≤ 2 000 ókutæki á akrein		Umferð ≥ 2 000 ókutæki á akrein			Viðbótarskilyrði, sem gera beitingu lögboðna, eða athugasemdir	
		500 – 1 000 m	> 1 000 m	500 – 1 000 m	1 000 – 3 000 m	> 3 000 m		
Byggingar- ráðstafanir	Tvö gangarör eða fleiri	Liður 2.1					Skylda þar sem spá til 15 ára sýnir að umferð verður > 10 000 ókutæki/akrein.	
	Halli ≤ 5%	Liður 2.2	*	*	*	*	Skylda nema að landfræðilegir þættir útiloki það.	
	Neyðargangvegir	Liður 2.3.1 Liður 2.3.2	*	*	*	*	Skylda þar sem ekki er neyðarakrein nema að skilyrðið í lið 2.3.1 sé virt. Í jarðgöngum sem fyrir eru þar sem hvorki er neyðarakrein né neyðargangvegur skulu gerðar viðbótarráðstafanir eða ráðstafanir styrktar.	
	Neyðarútgangar með a.m.k. 500 m millibili	Liður 2.3.3 – liður 2.3.9	○	○	*	*	Meta skal í hverju tilfelli fyrir sig hvort koma skuli fyrir neyðarútgöngum í jarðgöngum sem fyrir eru.	
	Tengigöng ætluð neyðarþjónustu með a.m.k. 1 500 m millibili	Liður 2.4.1	○	○ / ●	○	○ / ●	●	Skylda í jarðgöngum með tveimur gangarörum sem eru lengri en 1 500 m.
	Mögulegt að fara yfir miðdeilinn fyrir utan hvert op	Liður 2.4.2.	●	●	●	●	●	Skylda fyrir utan jarðgöng með tveimur eða fleiri gangarörum þar sem það er landfræðilega mögulegt.
	Útskot með a.m.k. 1 000 m millibili	Liður 2.5	○	○	○	○ / ●	○ / ●	Skylda í nýjum jarðgöngum með umferð í báðar áttir og sem eru > 1 500 m án neyðarakreina. Í jarðgöngum, sem fyrir eru, með umferð í báðar áttir og sem eru > 1 500 m: veltur á greiningu. Í bæði nýjum jarðgöngum og jarðgöngum sem fyrir eru veltur það á nothæfri viðbótarbreidd ganganna.
	Framræsla fyrir eldfima og eittraða vökva	Liður 2.6	*	*	*	*	*	Skylda þar sem flutningur hættulegs farms er leyfður.
Brunaþol burðarvirkja	Liður 2.7	●	●	●	●	●	Skylda þar sem staðbundið hrun gæti haft hörmulegar afleiðingar.	

- Skylda í öllum jarðgöngum
- Ekki skylda
- * Skyld með undantekningum
- Mælst til þess

SAMANTEKT LÁGMARKSKRAFNA

			Umferð ≤ 2 000 ökutæki á akrein		Umferð ≥ 2 000 ökutæki á akrein			Viðbótarskilyrði, sem gera beitingu lögboðna, eða athugasemdir
			500 – 1 000 m	> 1 000 m	500 – 1 000 m	1 000 – 3 000 m	> 3 000 m	
Lýsing	Venjuleg lýsing	Liður 2.8.1	●	●	●	●	●	
	Öryggislýsing	Liður 2.8.2	●	●	●	●	●	
	Rýmingarlýsing	Liður 2.8.3	●	●	●	●	●	
Loftræsting	Vélræn loftræsting	Liður 2.9	○	○	○	●	●	
	Sérákvæði um (hálf)þverstæða loftræstingu	Liður 2.9.5	○	○	○	○	●	Skylda í jarðgöngum þar sem umferð er í báðar áttir og þar sem er stjórnstöð.
Neyðarstöðvar	Með a.m.k. 150 m millibili	Liður 2.10	*	*	*	*	*	Í þeim skal vera sími og 2 slökkvitæki. Hámarksmillibil skal vera 250 m í jarðgöngum sem fyrir eru.
Vatnsveita	Með a.m.k. 250 m millibili	Liður 2.11	●	●	●	●	●	Ef vatnsveita er ekki til staðar er skylda að útvega vatn eftir öðrum leiðum.
Umferðarskilti		Liður 2.12	●	●	●	●	●	Fyrir alla öryggisaðstöðu sem vegfarendur í jarðgöngum geta notað (sjá III. viðauka).
Stjórnstöð		Liður 2.13	○	○	○	○	●	Eftirlit í nokkrum jarðgöngum má samræma í einni stjórnstöð.
Vöktunarkerfi	Eftirlitsmyndavél	Liður 2.14	○	○	○	○	●	Skylda þar sem er stjórnstöð.
	Sjálfvirk atvika- og/eða eldskynjun	Liður 2.14	●	●	●	●	●	Skylda er að hafa a.m.k. annað kerfið í jarðgöngum þar sem er stjórnstöð.
Búnaður til að loka jarðgöngum	Umferðarljós fyrir framan op	Liður 2.15.1	○	●	○	●	●	
	Umferðarljós inni í jarðgöngum með a.m.k. 1 000 m millibili	liður 2.15.2	○	○	○	○	●	Mælt er með því ef stjórnstöð er til staðar og lengdin er meiri en 3 000 m.

SAMANTEKT LÁGMARKSKRAFNA

			Umferð ≤ 2 000 ökutæki á akreïn		Umferð ≥ 2 000 ökutæki á akreïn			Viðbótarskilyrði sem gera beitingu lögboðna eða athugasemdir
			500 – 1 000 m	> 1 000 m	500 – 1 000 m	1 000 – 3 000 m	> 3 000 m	
Fjarskiptakerfi	Endurvarp útvarpssendinga neyðarþjónustu	Liður 2.16.1	○	○	○	●	●	
	Neyðarútvarpstilkynningar til vegfarenda í jarðgöngum	liður 2.16.2	●	●	●	●	●	Skylda þar sem útvarpssendingum er endurvarpað fyrir vegfarendur í jarðgöngum og þar sem er stjórnstöð
	Hátalarar í skýlum og neyðarútgöngum	Liður 2.16.3	●	●	●	●	●	Skylda þar sem vegfarendur, sem eru að yfirgefa jarðgöng, verða að bíða áður en þeir komast út.
Neyðaraflgjafi		Liður 2.17	●	●	●	●	●	Til að tryggja virkni nauðsynlegs öryggisbúnaðar a.m.k. meðan á rýmingu vegfarenda í jarðgöngum stendur.
Brunaþol búnaðar		Liður 2.18	●	●	●	●	●	Skal miða að því að viðhalda nauðsynlegri öryggisvirkni.

3. Ákvæði varðandi rekstur

3.1. Rekstrarþættir

Rekstur jarðganga skal skipulagður þannig og slík úrræði vera til staðar að tryggt sé að umferð í gegnum jarðgöngin sé samfelld og örugg. Starfsfólk sem tekur þátt í rekstrinum og neyðarþjónusta skal hljóta viðeigandi grunnþjálfun og símenntun..

3.2. Neyðaráætlun

Áætlanir um viðbúnað í neyðartilvikum skulu vera til fyrir öll jarðgöng. Í jarðgöngum sem byrja í einu aðildarríki og enda í öðru skal vera ein áætlun um viðbúnað í neyðartilvikum sem tekur til beggja landanna.

3.3. Vinna í jarðgöngum

Lokun akreina að hluta eða í heild vegna byggingar- eða viðhaldsvinnu sem skipulögð er fyrir fram skal alltaf byrja fyrir utan jarðgöngin. Í þeim tilgangi má nota breytileg merkjaskilti, umferðarskilti og vélrænar hindranir.

3.4. Atvika- og slystjórnun

Ef alvarlegt slys eða atvik á sér stað skal strax loka öllum viðeigandi gangarörum fyrir umferð.

Þetta skal gert með því að kveikja samtímis bæði á framangreindum búnaði fyrir utan gangaop og á breytilegum merkjaskiltum, umferðarskiltum og vélrænum hindrunum inni í jarðgöngunum ef slíkt er til staðar svo stöðva megi alla umferð eins fljótt og mögulegt er fyrir utan og í jarðgöngunum. Jarðgöngum sem eru styttri en 1 000 metrar má loka með öðrum aðferðum. Umferð skal stjórnað þannig að ökutæki sem ekki hafa orðið fyrir áhrifum geti yfirgefið jarðgöngin skjótt.

Ef atvik á sér stað í jarðgöngum skal sá tími sem það tekur neyðarþjónustu að komast á staðinn vera eins og stuttur og mögulegt er og skal mældur meðan á reglubundnum æfingum stendur. Að auki má mæla tímann meðan atvik standa yfir. Í löngum jarðgöngum með umferð í báðar áttir þar sem umferðarþungi er mikill skal ákvarðað með áhættugreiningu, í samræmi við 13. gr., hvort neyðarþjónusta skuli hafa aðstöðu við báða enda jarðganganna.

3.5. Starfsemi stjórnstöðvar

Í öllum jarðgöngum þar sem krafist er að stjórnstöð sé til staðar, þ.m.t. þau sem byrja í einu aðildarríki og enda í öðru, skal ein stjórnstöð fara með alla stjórn á hverjum tíma.

3.6. Lokun jarðganga

Ef kemur til lokunar jarðganga (til lengri eða skemmri tíma) skal vegfarendum tilkynnt um hjáleiðir um upplýsingakerfi sem greiður aðgangur er að.

Slíkar hjáleiðir skulu vera hluti af kerfisbundnum viðbragðsáætlunum. Þær skulu miða að því að viðhalda umferðarfæði eins og kostur er og halda afleiðingum á öryggi á aðliggjandi svæðum í lágmarki.

Aðildarríki skulu kosta kapps um að koma í veg fyrir að þær aðstæður myndist að ekki sé hægt að nota jarðgöng sem staðsett eru á yfirráðasvæði tveggja aðildarríkja vegna slæmra veðurskilyrða.

3.7. Flutningur hættulegs farms

Eftirfarandi ráðstöfunum skal beitt varðandi aðgang ökutækja, sem flytja hættulegan farm, að jarðgöngum eins og hann er skilgreindur í viðeigandi löggjöf Bandalagsins varðandi flutning hættulegs farms á vegum:

— áhættugreining skal framkvæmd í samræmi við 13. gr. áður en reglur og kröfur varðandi flutning hættulegs farms í gegnum jarðgöng eru skilgreindar eða þeim breytt,

— komið skal fyrir viðeigandi skiltum til að framfylgja reglugerðinni á undan síðustu frárein áður en að jarðgöngunum kemur og við op jarðganganna og einnig með nægum fyrirvara til að ökumenn geti valið aðra leið,

— skoða skal nánar sérstaka rekstrarþætti sem miða að því að draga úr áhættu sem fylgir sumum eða öllum ökutækjum sem flytja hættulegan farm í jarðgöngum í hverju tilfelli fyrir sig til viðbótar við áður nefnda áhættugreiningu, eins og t.d. hvort tilkynningar eru nauðsynlegar áður en farið er inn í jarðgöng, eða að farið sé um jarðgöng í bílalestum í fylgd annarra ökutækja.

3.8. Framúrakstur í jarðgöngum

Áhættugreining skal fara fram til að ákveða hvort þungaflutningabílar megi aka fram úr í jarðgöngum sem eru með fleiri en eina akrein í hvora átt.

3.9. Fjarlægð milli ökutækja og hraði

Miklu skiptir að hraði ökutækja og fjarlægð milli þeirra sé viðeigandi í jarðgöngum og skal veita hvoru tveggja sérstaka athygli. Í þessu skal felast að tilkynna vegfarendum í jarðgöngum um viðeigandi hraða og fjarlægðir. Fullnusturáðstafanir skulu gerðar eftir því sem við á.

Vegfarendur sem aka fólksbifreiðum skulu við venjulega aðstæður að lágmarki halda þeirri fjarlægð frá ökutækinu fyrir framan sem jafngildir þeirri vegalengd sem ökutæki ferðast á tveimur sekúndum. Þegar um er að ræða þungaflutningabíla skal þessi fjarlægð tvöfölduð.

Þegar umferð stöðvast í jarðgöngum skulu vegfarendur a.m.k. halda fimm metra fjarlægð frá ökutækinu fyrir framan nema það sé ekki mögulegt vegna neyðarstöðvunar.

4. Upplýsingaherferðir

Upplýsingaherferðir varðandi öryggi í jarðgöngum skulu skipulagðar og framkvæmdar reglulega í samráði við hagsmunaaðila á grundvelli samhæfðs starfs alþjóðasamtaka. Þessar upplýsingaherferðir skulu fjalla um rétta hegðun vegfarenda þegar ekið er að jarðgöngum eða í gegnum þau, einkum að því er varðar bilanir ökutækja, umferðarþröng, slys og eldsvoða.

Upplýsingum um öryggisbúnað sem er til staðar og rétta hegðun vegfarenda í jarðgöngum skal komið fyrir á hentugum stöðum fyrir vegfarendur um jarðgöng (t.d. á hvíldarsvæðum áður en að jarðgöngum kemur, við op að jarðgöngum þar sem umferð stöðvast eða á Netinu).

II. VIÐAUKI

Samþykki fyrir hönnun, gögn um öryggi, að taka jarðgöng í notkun, breytingar og reglubundnar æfingar

1. Samþykki fyrir hönnun
 - 1.1. Ákvæðum þessarar tilskipunar skal beita frá frumhönnunarstigi og áfram.
 - 1.2. Stjórnandi jarðganga skal, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, safna saman gögnunum um öryggi sem lýst er í liðum 2.2 og 2.3 og varða jarðgöng á hönnunarstigi og ráðfæra sig við öryggisfulltrúann. Stjórnandi jarðganganna skal leggja gögnin um öryggi fyrir stjórnvaldið og láta álit öryggisfulltrúans og/eða skoðunaraðilans fylgja þegar það liggur fyrir.
 - 1.3. Hönnunin skal samþykkt, eftir því sem við á, af yfirvaldinu sem ber ábyrgð og skal það tilkynna stjórnanda jarðganganna og stjórnvaldinu um ákvörðun sína.
2. Gögn um öryggi
 - 2.1. Stjórnandi jarðganga skal taka saman gögn um öryggi sem varða sérhver jarðgöng og sjá til þess að þau séu uppfærð reglulega. Hann/hún skal leggja fram afrit af gögnunum um öryggi til öryggisfulltrúans.
 - 2.2. Í gögnunum um öryggi skal lýst fyrirbyggjandi ráðstöfunum og öryggisráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi vegfarenda og taka tillit til hreyfihlaðs fólks og fatlaðra, eðlis leiðarinnar, útfærslu mannvirkisins, umhverfis, eðlis umferðarinnar og því svigrúmi til aðgerða sem neyðarþjónustan, sem skilgreind er í 2. gr. tilskipunarinnar, hefur.
 - 2.3. Í gögnum um öryggi sem varða jarðgöng á hönnunarstigi skal einkum koma fram:
 - lýsing á fyrirhugaða mannvirkinu og aðgangi að því, ásamt skipulagsáætlunum sem nauðsynlegar eru til að skilja hönnunina og áætlað rekstrarfyrirkomulag,
 - umferðarspá þar sem tilgreind eru og rökstudd þau skilyrði sem gert er ráð fyrir við flutning hættulegra efna ásamt áhættugreiningunni sem gerð er krafa um í lið 3.7 í I. viðauka,
 - sérstök hætturannsókn þar sem lýst er hugsanlegum slysum sem hafa greinileg áhrif á öryggi vegfarenda í jarðgöngum og kynnu að eiga sér stað á rekstrarstigi og eðli og umfangi hugsanlegra afleiðinga þeirra. Þessi rannsókn verður að tilgreina og rökstyðja ráðstafanir til að draga úr líkum á slysum og afleiðingum þeirra,
 - álit um öryggi frá sérfræðingi eða stofnun sem sérhæfir sig á því sviði og má vera skoðunaraðilinn.
 - 2.4. Í gögnum um öryggi sem varða jarðgöng sem komin eru á það stig að taka eigi þau í notkun skal, auk gagnanna sem krafist er á hönnunarstiginu, koma fram:
 - lýsing á skipulagi, mannafla, aðbúnaði og leiðbeiningar sem stjórnandi jarðganganna tilgreinir til að tryggja rekstur og viðhald jarðganganna,
 - áætlun um viðbúnað í neyðartilvikum sem gerð er í samráði við neyðarþjónustu og tekur einnig tillit til hreyfihlaðs fólks og fatlaðra,
 - lýsing á kerfinu sem stöðugt nýtir upplýsingar og hægt er að nota til að skrá og greina umtalsverð atvik og slys.
 - 2.5. Í gögnum um öryggi sem varða jarðgöng í rekstri skal, auk gagnanna sem krafist er á því stigi að taka eigi þau í notkun, koma fram:
 - skýrsla og greining á umtalsverðum atvikum og slysum sem hafa átt sér stað síðan þessi tilskipun tók gildi.
 - skrá yfir öryggisæfingar sem farið hafa fram og greining á því sem af þeim má læra.
3. Jarðgöng tekin í notkun
 - 3.1. Opnun jarðganga fyrir almenningi skal háð leyfi stjórnvalds (fyrir því að taka þau í notkun) í samræmi við eftirfarandi málsmeðferð.
 - 3.2. Þessi málsmeðferð gildir líka um opnun jarðganga fyrir almenningi eftir verulegar breytingar á byggingu eða rekstri eða breytingar á jarðgöngunum sem gætu breytt umtalsvert þáttum í gögnunum um öryggi.

- 3.3. Stjórnandi jarðganganna skal senda gögnin um öryggi sem um getur í lið 2.4 til öryggisfulltrúans sem skal veita álit sitt á opnun jarðganganna fyrir almenningi.
- 3.4. Stjórnandi jarðganganna skal leggja gögnin um öryggi fyrir stjórnvaldið og láta álit öryggisfulltrúans fylgja. Stjórnvaldið skal ákveða hvort veita skuli leyfi fyrir opnun jarðganganna fyrir almenningi eða hvort það skuli gert með takmarkandi skilyrðum og tilkynna stjórnanda jarðganganna um það. Afrit af þessari ákvörðun skal sent neyðarþjónustu.
4. Breytingar
- 4.1. Stjórnandi jarðganganna skal sækja um nýtt rekstrarleyfi í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í 3. lið eftir allar verulegar breytingar á byggingu, búnaði eða rekstri sem gætu breytt umtalsvert þáttum í gögnunum um öryggi.
- 4.2. Stjórnandi jarðganga skal tilkynna öryggisfulltrúanum um allar aðrar breytingar á byggingu og rekstri. Að auki skal stjórnandi jarðganga afhenda öryggisfulltrúanum gögn sem gera grein fyrir tillögnum áður en breytingar eru gerðar á jarðgöngunum.
- 4.3. Öryggisfulltrúinn skal kanna hvaða afleiðingar breytingarnar hafa og veita stjórnanda jarðganganna álit sitt sem skal senda stjórnvaldi og neyðarþjónustu afrit af álitinu.
5. Reglubundnar æfingar
- Stjórnandi jarðganga og neyðarþjónusta skulu í samvinnu við öryggisfulltrúann skipuleggja sameiginlegar reglubundnar æfingar fyrir starfsfólk jarðganga og neyðarþjónustu.
- Æfingar:
- skulu vera eins raunverulegar og mögulegt er og samsvara skilgreindri sviðsmynd atvika,
 - skulu gefa skýrar matsniðurstöður,
 - skulu koma í veg fyrir skemmdir á jarðgöngunum,
 - mega líka að hluta fara fram sem borð- eða tölvuhermiæfingar til að fá viðbótarniðurstöður.
- a) Allsherjaræfingar skulu fara fram í öllum jarðgöngum á a.m.k. fjögurra ára fresti við skilyrði sem eru eins raunveruleg og hugsast getur. Aðeins skal biðja um að jarðgöngunum verði lokað ef hægt er að gera viðunandi ráðstafanir um að beina umferð annað. Takmarkaðar æfingar og/eða hermiæfingar skulu fara fram á hverju ári þar á milli. Á svæðum þar sem nokkur jarðgöng eru staðsett nálægt hvert öðru verður allsherjaræfing að fara fram í a.m.k. einum jarðgöngum.
- b) Öryggisfulltrúi og neyðarþjónusta skulu í sameiningu leggja mat á þessar æfingar, skrifa um þær skýrslu og leggja fram viðeigandi tillögur.

III. VIÐAUKI

Skilti fyrir jarðgöng

1. Almennar kröfur

Hér á eftir fylgja umferðarskilti og tákn sem nota skal í jarðgöngum. Umferðarskiltunum sem getið er í þessum þætti er lýst í Vínarsáttmálanum um umferðarskilti og -merki frá 1968 nema annað sé tekið fram.

Til að auðvelda skilning á skiltum á alþjóðlegum vettvangi skal skilta- og merkjakerfið, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, byggt á notkun lögunar og lita sem einkenna hvern flokk skilta og með notkun myndrænna tákna frekar en orða, þar sem þess er nokkur kostur. Telji aðildarríkin nauðsynlegt að breyta skiltunum og táknunum sem mælt er fyrir um skulu þær breytingar ekki breyta grundvallareinkennum þeirra. Beiti aðildarríkin ekki Vínarsáttmálanum er heimilt að breyta skiltunum og táknunum sem mælt er fyrir um að því tilskildu að grundvallartilgangi þeirra sé ekki breytt.

1.1. Umferðarskilti skulu notuð til að auðkenna eftirfarandi öryggisaðstöðu í jarðgöngum:

- útskot,
- neyðarútganga: sama skilti skal notað fyrir allar gerðir neyðarútganga,
- undankomuleiðir: fjarlægð til tveggja næstu neyðarútganga skal sýnd á veggjum með skiltum sem ekki er lengra en 25 metrar á milli og eru í 1,0 til 1,5 metra hæð yfir undankomuleiðinni
- neyðarstöðvar: skilti skulu sýna að neyðarsími og slökkvitæki séu til staðar.

1.2. Útvarpssendingar:

Í jarðgöngum þar sem vegfarendur geta fengið upplýsingar um útvarp skal viðeigandi skiltum komið fyrir við op þar sem vegfarendum er sagt hvernig þeir geti tekið á móti þessum upplýsingum.


1.3. Skilti og merkingar skulu hönnuð og þeim komið fyrir þannig að þau sjáist greinilega.

2. Lýsing á skiltum og plötum

Aðildarríkin skulu nota viðeigandi skilti, ef nauðsyn krefur, á svæðinu áður en að jarðgöngum kemur, inni í jarðgöngum og eftir að út úr jarðgöngum er komið. Þegar skilti eru hönnuð fyrir jarðgöng skal tillit tekið til umferðar- og byggingarástands á staðnum auk annarra staðhátta. Nota skal skilti sem samræmast ákvæðum Vínarsáttmálans nema í aðildarríkjum þar sem Vínarsáttmálinn er ekki í gildi.

2.1. Jarðgangaskilti

Eftirfarandi skilti skal komið fyrir við hvert op að jarðgöngum:



Skilti E11A fyrir veggöng úr Vínarsáttmálanum,

Lengd jarðganganna skal koma fram annað hvort á neðri hluta plötunnar eða á viðbótarplötu H2.

Í jarðgöngum sem eru lengri en 3 000 metrar skal sú vegalengd sem eftir er af jarðgöngunum gefin til kynna með 1 000 metra millibili.

Nafn jarðganganna má einnig koma fram.

2.2. Akbrautarmerkingar

Akbrautarmerkingar skulu notaðar til að afmarka akbraut frá vegkanti.

Ef um er að ræða jarðgöng með umferð í báðar áttir skulu greinilegar merkingar notaðar á miðlinunni (einfaldar eða tvöfaldar) til að aðgreina áttirnar.

2.3. Skilti og plötur til að merkja aðstöðu

Neyðarstöðvar

Neyðarstöðvar skulu bera upplýsingaskilti sem skulu vera F-skilti í samræmi við Vínarsáttmálanum og sýna þann búnað sem vegfarendur hafa aðgang að, eins og t.d.:

Neyðarsími



Slökkvitæki

Í neyðarstöðvum sem eru aðskildar frá jarðgöngunum með dyrum skal auðlæsilegur texti tilgreina á viðeigandi tungumálum að neyðarstöðin verndi ekki gegn eldi. Dæmi fylgir hér á eftir:

„ÞETTA SVÆÐI VEITIR EKKI VERND GEGN ELDI

Fylgið skiltum að neyðarútgöngum“

Útskot

Skiltin sem sýna útskot skulu vera E-skilti samkvæmt Vínarsáttmálanum. Símar og slökkvitæki skulu gefin til kynna með viðbótarplötu eða á skiltinu sjálfu.



Neyðarútgangar

Skilti sem sýna „neyðarútganga“ skulu vera G-skilti samkvæmt Vínarsáttmálanum. Dæmi fylgja hér á eftir:



Einnig er nauðsynlegt að gefa til kynna á veggjum hvar næstu útganga er að finna. Dæmi fylgja hér á eftir.



Akreinaljós

Þessi ljós mega vera hringlaga eða rétthyrnd



Breytileg merkjaskilti

Breytilegt merkjaskilti skal gefa vegfarendum skýrar upplýsingar um umferðarþröng, bilanir, slys, eldsvoða eða aðrar hættur.

